

Tilbúnir að skrá Símann
Seldu fasteignir frá félaginu



Mojito er drykkurinn
Vinsæll hjá báðum kynjum



14



AL GORE Nóbelsverðlaunahafinn Al Gore flytur erindi á vegum Landsbankans í Bretlandi í næsta mánuði.

Gore í boði Landsbankans

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna sem nýverið hlaut friðarverðlaun Nóbels vegna framlags síns til umhverfismála, flytur lokaerindi á ráðstefnu Merrión Capital, banka Landsbankans í Bretlandi, um orku og umhverfismál sem haldin verður 1. desember næstkomandi á Írlandi. Fimm aðrir framsögumenn verða á ráðstefnunni, þar á meðal Willie Walsh, forstjóri British Airways, og Eamon Ryan, orku- og fjarskiptaráðgjafi Írlands.

Eins og frægt er laut Gore í lægra haldi fyrir George W. Bush í baráttu um forsetaembættið árið 2000. Hann hefur um árabil einbeitt sér að umhverfismálum og hóf nýverið störf hjá Kleiner Perkins Caufield & Byers, einu stærsta fjárfestingarfélagi í heimi sem einbeitt sér að umhverfissvænni tækni og endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá var Gore í lykilhutverki í heimildarmyndinni An Inconvenient Truth, sem hlaut Óskarsverðlaun á síðasta ári. - jeb

FRÉTTIR VIKUNNAR

Standa vel | Íslensk fjármála-fyrirtæki eru vel í stakk búin til að mæta erfiðleikum sem nú steðja að á alþjóðlegum mörkuðum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir Viðskiptaráð.

Ekkert frost | Fasteignamarkaðurinn fer ekki undir frostmark heldur verður við ísskápshita á næstu árum. Verðhækkningar verða sem sagt undir fimm prósentum, að mati sérfræðinga greiningardeildar Kaupþings.

Ekkert okur | Ríkisstjórnin hefur afgreitt frumvarp viðskiptaráðherra um innheimtukostnað sem ætlað er að koma í veg fyrir okur. Dæmi eru um að innheimtuþökun sé hærrí en höfuðstóll skuldar.



Íslenskur kynjafiskur | Hér kunna að vera tækifæri til eldis á matfiski af áður óþekktum tegundum sem alla jafna þrífast í heitum sjó og ferskvatni. Þetta kom fram á haustráðstefnu Matis ohf.

Krónubréf glæðast | Þýski bankinn Rentenbank gaf út krónubréf fyrir fjóra milljarða. Bankinn mun alls hafa gefið út bréf fyrir fimmtán milljarða króna. Alls eru krónubréf að nafnvirði 371,5 milljarðar króna útistandandi.

Nokkur samdráttur | Hagnaður til hluthafa fyrstu níu mánuði ársins dregst saman um 66 prósent hjá hollenska bankanum NIBC fyrstu níu mánuði þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn nemur um sex milljörðum króna.

Mikil vonbrigði | Orkuveitan mun kaupa aftur það hlutafé í REI sem eignarhaldsfélög Bjarna Ármannssonar og Jóns Diðriks Jónssonar hafa lagt í félagið. Bjarni mun sitja sem formaður REI til áramóta.

Eigendur FL Group vilja styrkja félagið

Hluthafar í FL Group vinna að því að styrkja félagið. Þeir vilja leggja inn meiri fjármuni. Fjárfestingar hafa fallið í verði.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Eigendur FL Group hafa unnið að því undanfarna daga að finna leiðir til að styrkja rekstur félagsins og hafa þeir átt fundi með fjármálaframtækjum vegna þess.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er stefnt að því að hluthafar leggi meiri fjármuni inn í félagið og auki eigið fé þess. Ekki eru þó allir hluthafar í stakk búinir til þess. Valdahlutföll munu því breytast og nýir hluthafar jafnvel bætast í hópinn. Markmiðið er að efla félagið frekar og bregðast við óhagstæðri þróun á fjármálamörkuðum.

Verðmæti stærstu eigna FL Group hefur lækkað mikið á þriðja og fjórða ársfjórðungi. Sjálf félagið hefur lækkað um tuttugu prósent síðasta mánuðinn. Frá júlí til september á þessu ári tapaði FL Group 27 milljörðum króna.

Miklar sögusagnir hafa gengið á milli manna um að félagið standi orðið tæpt fjárhagslega. Það þurfi að losa um eignir og þá með miklu tapi. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, hefur sagt

að félagið standi ágætlega og blásið á sögusagnir um annað. Hann vildi ekki tjá sig um efni þessarar fréttar.

Eftir því sem leið á gærdaginn lækkaði gengi FL Group mikið. Í viðtölum við fólk í fjármálaframtækjum kom fram að óvissan um framtíð félagsins væri slæm. Vonuðust viðmælendur Markaðarins til að fréttir um ráðstafanir til að styrkja félagið bærust í dag.

Fyrir síðustu helgi fóru starfsmenn Fjármálaeftirlitsins í vettvangsathugun í Glitni og Tryggingamiðstöðina, sem FL Group keypti nýlega. Var þetta hluti af reglulegu eftirliti stofnunarinnar. Sérstaklega voru athuguð viðskipti og samningar sem tengdust FL Group. Samkvæmt heimildum Markaðarins kom ekkert athugavert í ljós; staða beggja fyrirtækja gagnvart FL Group væri í lagi og engin hættumerki á lofti.

Í lok þriðja ársfjórðungs var FL Group með tæpa 150 milljarða króna í eigin fé. Er bent á að staðan sé sterk þó að miklir peningar hafi tapast í fjárfestingum undanfarið. Ekkert alvarlegt hættuástand sé fram undan og væntanlegar breytingar á félaginu muni efla félagið til sóknar.

Ein þvinguð sala í nóvember

Hundruð veðkalla voru framan af mánuðinum. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins vill ekki að slakað verði á tryggingum þrátt fyrir lækkan hlutabréfaverðs.

„Fyrstuþrjár vikurnar í nóvember voru 600 veðköll hjá sex af stærstu fyrirtækjunum en einungis var í einu tilviki um þvingaða sölu að ræða,“ sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), í ræðu á ársfundi FME sem haldinn var í gær.

Tryggingarþekja beinna útlána með veði í verðbréfum hefur aukist milli ára og veðsetningarhlutfall lækkað „sem gefur til kynna að fjármálaframtækjin hafi haft borð fyrir bára ef markaðir myndu lækka,“ að sögn Jónasar.

Tryggingarþekja gefur til kynna hlutfall markaðsverðmætis hlutabréfa af útlánum með

veði í hlutabréfum. Sé hún yfir 100% þýðir það að markaðsverð hlutabréfa sé yfir upphæð láns.

Jónas sagði að mikilvægt væri að gæta jafnræðis við veðköll. „Jafnframt er rétt að hvetja fjármálaframtækjin til að sýna varfærni í að slaka verulega á kröfu um tryggingarþekju þó svo að verð hlutabréfa hafi almennt lækkað.“

Lárus Finnbogason, stjórnarformaður FME, benti á að nægar fjárheimildir væru grunnforsenda fyrir eftirliti í alþjóðlegu umhverfi. Alþjóðavæðingin hefði aukið flækjustig og allan kostnað. „Skilningur á því

að Fjármálaeftirlitið búi yfir nægum fjárheimildum hefur verið að aukast, en það er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið geti vaxið samhliða stækkun markaðarins.“ Þetta væri nokkuð sem matsfyrirtæki og alþjóðastofnanir spyrðu um.

Lárus lagði jafnframt þunga áherslu á mikilvægi sjálfstæðis FME, ekki síst í litlu landi eins og Íslandi, „þar sem eignarhald fjármálaframtækja er þröngt, fyrirtækin gríðarlega stór miðað við landsframleiðslu og hagsmunir eigenda þeirra gjarnan samofnir.“

- ikh / sjá síðu 12

TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	14,3%*
GBP	6,4%*
DKK	5,6%*
USD	5,0%*
EUR	4,2%*
CAD	6,5%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbodslýsingar og útdráttar úr útbodslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. okt. - 1. nóv. 2007.

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	0,2%	52,4%
Bakkavör	-0,3%	-8,5%
Exista	-9,8%	10,7%
FL Group	-3,7%	-18,4%
Glitnir	-1,4%	5,4%
Eimskipafélagið	-0,1%	13,4%
Icelandair	8,5%	-2,5%
Kaupþing	0,7%	9,6%
Landsbankinn	-2,4%	40,0%
Straumur	-3,4%	-10,9%
Teymi	-0,8%	16,5%
Össur	0,5%	-12,9%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Straumur enn í rannsókn FME

Fjármálaeftirlitið rannsakar hvort yfirtökuskylda hafi myndast í sumar.

„Það getur verið snúið að fá endanlegar upplýsingar,“ segir Már Mátsson, upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins (FME).

FME hefur enn til skoðunar viðskipti með ríflega fimm prósentu hlut í Straumi-Burðarási frá því um miðjan ágúst.

Þá keypti ónefndur aðili hlut í bankanum. Hluturinn er geymdur á safnreikningi í Landsbankanum í Lúxemborg. Talsmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Straums, hefur vísað því á bug að kaupandinn

tengist Björgólfi eða fyrirtækjum hans.

Meðal þess sem FME skoðar er hvort yfirtökuskylda hafi myndast við viðskiptin auk hugsanlegs brots á flöggunarskyldu.

Félag Björgólfsfeðga, Samson Holding, á 32,9 prósentu hlut í bankanum en Landsbankinn í Lúxemborg er skráður fyrir 24,2 prósentum. Landsbankinn í Lúxemborg er að öllu leyti í eigu Landsbankans. Samson á um fjórutíu prósentu hlut í bankanum.

Samkvæmt lögum myndast

yfirtökuskylda þegar hluthafi, einn eða í samráði eða samstarfi við aðra, ræður yfir fjórutíu prósentu eignarhlut eða meira.

Már segir að Straumur hafi greiðlega veitt FME allar umbeðnar upplýsingar, en segist ekki geta tjáð sig um aðra aðila. „Við erum hins vegar í samstarfi við systurstofnanir annars staðar í Evrópu og öflum því nauðsynlegra upplýsinga hjá þeim ef þurfa þykir.“

Óvíst er hvenær athugun FME lýkur.

- ikh

Ríkið heldur hæfi og horfum

Ísland heldur lánshæfis-einkunninni Aaa og stöðugum horfum í næsta mati alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækis Moody's, jafnvel þótt yfir vofi „hörð lending“ í efnahagsmálum. Þetta er haft eftir Joan Feldbaum-Vidra, sérfræðingi Moody's í frétt Bloomberg í gær.

Um miðja síðustu viku breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum á lánshæfismati ríkisins úr stöðugum í neikvæðar, en í skýrslu voru gagnrýnd mikil útgjöld ríkissjóðs og útlánastefna Íbúðalánasjóðs. - óka

Þrír sjóðir sameinast

Stærsti skráði eigandi Sparisjóðs Vestfirðinga nýtti ekki forkaupsrétt í hlutfjárakningu.

Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestfirðinga (SpVf) kjósa á föstudag um sameiningu sjóðsins við Sparisjóð Keflavíkur (SpKef) og Sparisjóð Húnaþings og Stranda (SpHS). Bóðað hefur verið til funda meðal stofnfjáreigenda hinna sparisjóðanna 4. desember í sama tilgangi.

Fastlega er búist við að sameining sjóðanna nái fram að ganga, enda um nokkurt skeið búið að vinna eftir samþykktu samrunaáætlun. Hluti af því ferli er nýafstaðin stofnfjárakning þar sem stofnfjáreigendur áttu forgangsrétt á kaupum á aukningunni. Tryggingasjóður sparisjóða, stærsti skráði eigandi SpVf með 21,51 prósentu hlut, féllst hins vegar á að nýta sér ekki kaupréttinn að beiðni annarra stofnfjáreigenda. Hlutur sjóðsins minnkar því væntanlega í nálægt því fimmtán prósent.

„Tryggingasjóður hefur aldrei verið fjárfestingarsjóður og er þess vegna ekki að eignast neitt. Hann er stofnaður til að vera bak-hjarl sparisjóðanna en ekki til að vera eignaraðili,“ segir Björgvin Sigurjónsson, stjórnarformaður SpVf. Þar sem Tryggingasjóðurinn hefur áður lagt sparisjóðum lið hefur hann svo verið keyptur



VÍÐDALSTUNGURÉTT Í HÚNAÞINGI
Unnið er að sameiningu Sparisjóðs Keflavíkur, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Stofnfjáreigendur taka afstöðu til sameiningar á næstu dögum.

MARKAÐURINN/KÁRI

út aftur þegar hagar viðkomandi sjóða vænkaðist. Björgvin bendir hins vegar á að sjóðurinn sé í eigu sparisjóðanna og þeir vegi það þungt í eigendahópi SpVf að ekki sé hægt að tala um að þeir verði af verðmætum þótt Tryggingasjóðurinn nýti ekki kauprétt sinn. Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON og stjórnarformaður Tryggingasjóðs sparisjóða, segir hlutverk Tryggingasjóðs að styðja við sparisjóði þurfi þeir á að halda. Hann segir hins vegar allan gang á því hvernig unnið hafi verið úr málum á síðari stigum, hvort sjóðurinn hafi verið keyptur út, eða stofnfjárhlutur jafnvel seldur þriðja aðila. - óka

Makar vilja hlut í Samvinnusjóðnum

Skiptaferli Samvinnutrygginga er gagnrýnt fyrir ógagnsæi. Enn er óljóst hverjir eiga rétt til eignar í félaginu.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Það verður að segjast að þetta er frekar óljóst,“ segir Guðmundur Ómar Hafsteinson lögmaður um skipti Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

Skjólstæðingur hans er eldri kona sem telur sig eiga rétt til hlutar í Fjárfestingarfélaginu Gift. Hún og maður hennar, sem fallinn er frá, tryggðu hjá Samvinnutryggingum um árabíl.

Einstaklingar sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum, gagnkvæmu tryggingafélagi, árin 1987-8, og þeir sem voru með brunatryggingu árin 1992-3, eiga að eignast hlut í Fjárfestingarfélaginu Gift, samkvæmt fréttatilkynningu um stofnun þess í sumar.

Enginn nema tryggingataki á rétt til eignar og hún erfist ekki, samkvæmt samþykktum félagsins.

„Það yrði forvitnilegt að vita hvers vegna eignin er bundin þessum skilyrðum,“ segir Guðmundur Ómar.



HELDRI KONUR Tryggingar elstu kynslóðarinnar hjá Samvinnutryggingum voru oftast en ekki í nafni bóndans. Hafi hann fallið frá er óljóst hvort ekkjan fái hlut hans í félaginu.

Alls munu um fimmtíu þúsund aðilar eiga rétt til eignar í Gift, sem verður með um þrjátíu milljarða króna í eigin fé.

Samvinnusjóðurinn á þriðjung hlutfjár. Eignarhlutir þeirra sem ýmist hættu að tryggja eða hafa fallið frá hafa runnið í sjóðinn.

Skiptafundur eignarhaldsfélagsins hefur ekki verið haldinn.

„Þetta eru fleiri álitamál en við hugðum í upphafi,“ segir Kristinn Hallgrímsson, lögmaður og formaður skilanevndar Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, en til stóð að ljúka málinu í september. „Þetta verður líklega ekki fyrr en um eða eftir áramót.“

Alitamál segir Kristinn snúast meðal annars um hlut maka þeirra sem tryggðu hjá Samvinnutryggingum. „Við erum að máta hvernig þau passa við samþykktirnar.“

Óvíst er hversu margir gera kröfu til eignar í Gift. „Það er eitt af því sem við erum að kanna,“ segir Kristinn.

- ikh

Nú er tækifærið!



SPRON, í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu CEB og Norræna fjárfestingarbankann NIB, býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum SPRON og draumurinn gæti orðið að veruleika!





*Háð útlánareglum SPRON

75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útbúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is



Við stækkum landhelgina

Fasteignafélagið **Landic Property** hf. er íslenskt fyrirtæki að langmestu í eigu Íslendinga. Þótt starfsemin sé í mörgum löndum verður heimahöfn félagsins áfram á Íslandi og það verður skráð í Kauphöll Íslands á fyrra helmingi næsta árs. Eftir skráninguna verður **Landic Property** eitt af tíu stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni.

Landic Property varð til við samruna Fasteignafélagsins Stoða við Keops og Atlas Ejendomme í Danmörku. Það er eitt af stærstu fasteignafélögum Norðurlanda og á 2,7 milljónir fermetra af verslunar- og skrifstofuhúsnæði á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Þetta alþjóðlega nafn, **Landic Property**, gefur aukinn byr í seglin og skapar sóknarfæri á alþjóðlegum markaði. Enda er stefnan tekin á enn frekari landvinninga.

Stjórnendur falla á prófinu

Einn af hverjum fimm stjórnendum sem gengust undir hæfismat Fjármálaeftirlitsins féll á prófinu. Þetta kemur fram í ársskýrslu FME.

HÆFISMAT FME	
Fjöldi stjórnenda sem gengust undir hæfismat FME.	
Fjármálafyrirtæki	18
Vátryggingafélög	13
Vátryggingamiðlarar	10
Lífeyrissjóðir	3
Samtals	44

Fólkið fær þá að endurtaka prófið, en almennt gerir FME ekki ráð fyrir því að fólk þreyti það oft en tvisvar. Enginn hefur fallið tvisvar, eftir því sem næst verður komist.

FME kannar þekkingu framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða á lög-

unum sem fyrirtækin starfa eftir og kannar einnig hvort þeir uppfylli önnur skilyrði viðkomandi laga. Þeir mega til

ad mynda ekki hafa orðið gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur síðustu fimm árin áður en þeir tóku við starfinu.

44 gengust undir hæfismatið frá því í nóvember 2005 og fram á mitt þetta ár. - ikh

Branson til bjargar Northern Rock

Miklar líkur þykja á að Virgin Money, fjármálaarmur bresku Virgin-samstæðunnar, sem er í eigu breska ævintýramannsins og auðjófurins Sir Richard Branson, taki yfir breska bankann Northern Rock. Gangi allt eftir munu Virgin og aðrir fjárfestar greiða tæpan helming þeirra neyðarlána sem bankinn hefur tekið hjá Englandsbanka á næstu þremur árum. Lánin nema 25 milljörðum punda, jafnvirði 3.273 milljarða íslenskra króna.

Bankinn lenti í gríðarlegum vandræðum í september þegar stjórnendur hans sögðust hafa tryggt sér vilýrði fyrir neyðarláni Englandsbanka til varnar lausafjárþurrð. Þetta olli taugatitringi í röðum sparifjareigenda, sem þustu í bankann til að taka út fjármuni sína af ótta við að þeir gufuðu upp. Engu skipti þótt ráðamenn í Bretlandi gerðu allt sem í valdi þeirra stóð til að telja sparifjareigendum hughvarf.

Gengi bréfa í bankanum rauk



EITT ÚTIBÚA NORTHERN ROCK Virgin Group og aðrir fjárfestar eru líklegir til að taka yfir breska bankann Northern Rock. MARKAÐURINN/APP

upp um rúm 28 prósent við fréttirnar á mánudag og fór í 110 pens á hlut. Mjög hefur saxast á það frá því fjármálakreppan hófst en hæst fór það í 1.251 pens í byrjun febrúar. - jab

Hlutfall erlendra skulda aldrei verið hærra

Erlend lán heimilanna nema nú fjórtán prósentum af heildarskuld þeirra og hefur hlutfall erlendra lána þeirra aldrei verið hærra.

Gengibundin lán til heimila standa nú í 112 milljörðum króna og jukust um 7,7 prósent í október, þegar gengisáhrif eru dregin frá, samkvæmt tölum Seðlabankans. Verðtryggt lán til heimila drógust saman um tæpt prósentustig í fyrra mánuði.

Yfirdráttarlán einstaklinga jukust um tvo og hálfan milljarð króna í október og nema nú alls rúmum 74 milljörðum króna.

Heildarskuldir heimilanna við innlánastofnanir nema tæpum 809 milljörðum króna.

Fimmtungur lána fyrirtækja er óverðtryggður og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. Yfirdráttarlán fyrirtækjanna jukust um 5,9 prósent í október.



Þau skulda tæplega tólf hundruð milljarða króna í útlöndum. Þjónustufyrirtæki skulda um helminginn af þeirri upphæð. Eignarhaldsfélög eiga þar yfir 400 milljarða króna. - ikh

Fjárfestar rýna í bækur E*Trade

Nokkrir hópar fjárfesta hafa borið víurnar í bandaríska fjármálafyrirtækið E*Trade Financial Corp, sem fyrr í mánuðinum neyddist til að afskrifa þrjú milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði tæpra 200 milljarða íslenskra króna, vegna tapaðra fasteignauklána heima fyrir. Í framhaldiinu drógu stjórnendur úr horfum fyrirtækisins. Gengi bréfa í fyrirtækinu hrundi um tæp sextíu prósent í kjölfarið og var um tíma óttast að það gæti orðið gjaldþrota.

Í framhaldi af þessari miklu gengislækkun sendu fyrirtæki á

borð við Landsbankann viðskiptavinum tilkynningu þar sem áréttad er að E*TRADE, sem kunnar bankans nýta til verðbréfavíðskipta, sé dótturfélag bandaríska fyrirtækisins en sjálfstætt að öllu öðru leyti.

Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir ekki enn liggja ljóst fyrir hvort fjármálafyrirtækið þurfi að afskrifa frekari upphæðir úr bókum sínum. Af því gæti orðið og rýna fjárfestar nú í bækur fjármálafyrirtækisins um vísbendingar um hið gagnstæða, samkvæmt Wall Street Journal. - jab



EITT ÚTIBÚA CITIGROUP Bandaríski bankinn Citigroup hefur brugðið á það ráð að selja 4,9 prósent hlut í bankanum til að bæta eiginfjárstöðuna og vega upp á móti útlánatapi. MARKAÐURINN/APP

Bankarnir í kreppu

Vart sér fyrir endann á fjármálakreppunni. Fjármálaskýrendur segja nauðsynlegt að bankar auki sýnileika eignasafna.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Gengi banka og fjármálafyrirtækja tók snarpa dýfu víða um heim á mánudag eftir að bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs sagði útlit fyrir að HSBC, einn af stærstu bönkum heims, þyrfti að afskrifa allt að tólf milljarða dala, jafnvirði um 760 milljarða íslenskra króna, úr bókum sínum vegna tapaðra útlána á næstunni. Bakslagíð er að mestu tilkomið vegna mikilla vanskila á svokölluðum undirmáslánum; fasteignalánunum sem einstaklingar með lágar tekjur og lélegt greiðsluhæfi hafa fengið til að koma sér þaki yfir höfuðið. Bloomberg segir að enn sé ekki vitað hversu djúpt sé á væntu útlánatapi fjármálafyrirtækja vegna vanskilanna vestanhafs og ekki séu öll kurl enn komin til grafar.

Bandarískir bankar hafa orðið fyrir talsverðum skelli vegna þessa og dregið með sér fjármálafyrirtæki víða um heim, auk þess sem eignasafn erlendra fyrirtækja sem fjárfest hafa í Bandaríkjunum hefur lækkað. Hagnaður þeirra síðustu misseri hefur snúist upp í tap á síðasta ársfjórðungi og vart útlit fyrir að hagurinn batni fljótlega, jafnvel ekki fyrr en á seinni hluta næsta árs. Hluthafar hafa ekki farið varhluta af vandræðunum sem bankarnir hafa ratað í vegna áhættusamrar útlánastefnu sinnar enda hefur gengi flestra banka hröslækkað frá því fjármálakreppunni varð vart að marki í júlí. Í raun má segja að bankastjórar stærstu banka


landsins hafi tekið ábyrgð á störfum sínum en nokkrir þeirra tóku poka sína fyrir skömmu.

Þetta hefur hins vegar orðið til þess að stærstu fjármálafyrirtæki Bandaríkjanna sigla um öldudal kreppunnar um þessar mundir án skipstjóra við stýrið. Þar á meðal er Citigroup, sem brugðið hefur á það ráð að selja fjárfestingasjóði í arabaríkuni Abu Dhabi 4,9 prósent hlut fyrir 7,5 milljarða dala, jafnvirði 475 milljarða íslenskra króna, í því augnamiði að styrkja eiginfjárstöðuna. Þá hefur bankinn tilkynnt um uppsagnir á þúsundum starfsfólks. Þetta kemur til viðbótar uppsögnum sautján þúsund manns fyrr á árinu. Aðrir bankar hafa gripið til svipaðrar hagræðingar og hert útlánastefnu sína til muna.

Svo hörð er lending Citigroup að einn greinahöfundur fjármálamiðilsins MarketWatch tók djúpt í árinu í fyrradag og sagði að bankinn yrði að gera skurk í rekstrinum og hugsanlega skipta upp eignasafninu, sem væri allt of þungt í vöfum. Með því móti yrði rekstur bankans gegnsærri auk þess sem hægt yrði að einbeita sér að kjarnarekstrinum. Þá gæti ákveðið hagræði falist í uppskiptingunni enda reiknað með að einstaka einingar gætu orðið 27 prósentum verðmætari en nú.

Krafan um aukið gegnsæi er engin nýlunda og minnir á hugmyndir sem FL Group varpaði fram varðandi reksturinn á flugrekstrarsamstæðunni AMR, móðurfélagi American Airlines, en hún snerist einmitt um að færa einingar úr rekstrinum í því augnamiði að auka virði kjarnarekstursins.

GENGISPRÓUN NOKKURRA AF STÆRSTU BÖNKUM HEIMS Á TÍMABILINU 1. JÚLÍ TIL 26. NÓVEMBER 2007



Kröfufjármögnun á netinu - einföld og skilvirk lausn

Með Kröfufjármögnun Landsbankans gefst fyrirtækjum kostur á lántöku gegn veði í viðskiptakröfum með einfaldari hætti en áður.

Ávinningur fyrirtækja er margbættur, m.a. er auðveldara að fjármagna vöxt fyrirtækisins þar sem rekstrarfé eykst í hlutfalli við aukna sölu.

Hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi eða þjónustuborð fyrirtækja í síma 410 9191

www.landsbanki.is





FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN

Sjóður 9 hentar þeim sem leita að jafnri og stöðugri hækkun eigna. Sjóðurinn fjárfestir í vixlum, innlánnum eða öðrum skammtímaverðbréfum. Hann hentar sérlega vel sem skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu. Inneign í sjóðnum er alltaf laus til útborgunar samdægurs og enginn munur er á kaup- og sölugengi í sjóðnum.

SJÓÐUR 9

15.1% ávöxtun*

ÞINN ÁVINNINGUR

- Mikil áhættudreifing og frábær ávöxtun
- Sérfræðingar Glitnis stýra sjóðnum
- Ávallt innleysanlegur
- Hægt að kaupa og selja á netinu
- Enginn munur á kaup- og sölugengi
- Mjög litlar verðsveiflur

* Ávöxtun sl. 1 ár m.v. 31.10.07 – ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf er fjárfestingasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Glitnir Sjóðir er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Glitnis, www.glitnir.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.GLITNIR.IS/SJODIR EÐA HJÁ EIGNASTÝRINGU GLITNIS Í SÍMA 440 4900

GLITNIR



Á UPP- EDA NIÐURLEIÐ Nærri kauphöllinni við Wall Street í New York í Bandaríkjunum er endalaus umferð um neðanjarðarlestarkefni borgarinnar líkt og sjá má hér að ofan. Viðskiptagjörningar tengdir bandarískum undirmáslánum hafa valdið sveiflum og óróleika á fjármálamörkuðum um heim allan. Áhrifanna gæti meðal annars í uppgjörum fjárfestingarfyrirtækja hér heima.

MARKAÐURINN/AP

Uppgjör í öldudal fjármálaumróts

Virðisrýrnun hlutabréfa, undirmáslán og aukinn tilkostnaður í rekstri einkenna rekstrarumhverfi fjárfestingarfélaga Kauphallarinnar á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Óli Kristján Ármannsson fer yfir gengi þeirra og ber þau saman, en öll hafa fjárfestingarfélögin skilað uppgjöri yfir fyrstu níu mánuði ársins.

Þriðji ársfjórðungur þessa árs markast hjá fjárfestingarfélögum í Kauphöll Íslands af markaðsþróun og lækkuðum í kjölfar vandræða með undirmáslán í Bandaríkjunum. Stórir erlendir bankar eru enn að tilkynna um afskriftir hárra fjárhæða vegna líkra lánavöndla. Hér á landi hafa bankar og önnur fjármála- og fjárfestingarfyrirtæki lagt á það áherslu að bein áhrif undirmáslánanna séu engin. Umrót á alþjóðamörkuðum og tap stórra fyrirtækja geta hins vegar af sér aukna áhættufælni og hafa því óbein áhrif um heim allan. Ætla má því að fjármálaumrót setji líka mark sitt á lokafjórðung ársins.

Fyrir helgi skilaði Atorka uppgjöri sínu vegna fjórðungsins og því öll uppgjör komin í hús og hægt að bera félögin saman. Þó verður að hafa nokkurn fyrirvara á þeim samanburði því nokkur munar í uppgjörsaðferðum hjá hreinu fjárfestingarfélögum Existu, Atorku og FL Group, þar sem Exista gerir upp með svokallaðri hlutdeildaraðferð. Það gerir að verkum að lækkuð á markaðsvirði undirliggjandi eigna á fjórðungnum skilar sér ekki í bækur félagsins sem tap, líkt og hún gerir hjá hinum. Munurinn kemur mjög greinilega fram þegar horft er á uppgjör FL Group og Existu þar sem fyrrnefnda félagið er með bókfært tap upp á rúmlega 27,1 milljarð króna en hitt skilar í bókum sínum hagnaði upp á tæplega 648 milljónir króna (miðað við gengi evru í lok ársfjórðungsins). Þá sker Atorka sig dálítið frá hinum vegna þess að þar er hlutfall óskráðra eigna hærra og því sveiflast ekki verð þeirra í bókum félagsins með sama hætti og ef þau væru skráð á markað. Óskráð félög eru metin inn í uppgjör fjárfestingarfélaga samkvæmt hóflegu mati og á stundum endurmati. Þannig var í uppgjöri Existu uppfært um 65 milljónir evra virði óskráðrar eignar félagsins.

PUNKTSTAÐA Í UMRÓTI

Hér er engu að síður gerð tilraun til að bera félögin saman með því að reikna út svokallað V/I-hlutfall (eða Price-to-book ratio). Hlutfallið er notað til að bera saman markaðsvirði og bókfært virði. Lágt gildi getur bent til þess að bréf félagsins séu vanmetin. En „of lágt“ gildi getur um leið bent til þess að grundvallarrestur sé í starfsemi félagsins. Sömuleiðis getur gildið gefið vísbendingu um hvort fjárfestar eru að greiða of hátt verð miðað við það sem eftir stæði ef félagið hætti skyndilega starfsemi eða yrði gjaldþrota.

Í útreikningi á V/I-gildi Atorku er tekið tillit til frestanlegs skatts af söluhagnaði hlutabréfa og hefur það nokkur áhrif á útkomuna. Að öðrum kosti væri gildi

félagins nánast á pari við FL Group, 1,42 á móti 1,44. Slíkum skattgreiðslum má fresta með endurfjármögnun og ólíklegt að þær komi nokkurn tímann til greiðslu. Þá stendur yfir endurskoðun á lögum um þessa skatta með það fyrir augum að fella þá út, líkt og gert hefur verið sums staðar annars staðar. Skatturinn er í uppgjörinu tiltekinn rúmlega 1,9 milljarðar króna. Atorka virðist því koma nokkuð vel út úr uppgjöri þriðja ársfjórðungs og lágt V/I-gildi bendir til að bréf félagsins á markaði eigi töluvert inni í verði.

Hagnaður móðurfélags Atorku Group fyrir þriðja ársfjórðung nemur rúmum 734 milljónum króna á fjórðungnum, en sé litið til uppgjörstæðunnar, þar sem beitt er hlutdeildaraðferð líkt og hjá Existu, nemur hagnaður félagsins 2,7 milljörðum króna. Óhætt er því að segja að reikningarnir séu áferðarfalllegri en hjá hinum fjárfestingarfélögum. Fjórðungurinn var Atorku enda um margt hagfelldur og félagið sagt hafa sannað sig með því að innleisa ellefu milljarða hagnað af fjárfestingu sinni í Jarðborunum sem seldar voru til Geysis Green Energy. Atorka varð um leið kjölfestufjárfestir í Geysi með um 32 prósentu hlut.

Í kynningu fyrir fjölmiðla, fjárfesta og greinendur á uppgjöri FL Group lagði Hannes Smáráson, forstjóri félagsins, áherslu á að afkoman endurspegladi punktstöðu á órólegum markaði og því væri óvarlegt að draga af henni miklar ályktanir. Hann segir undirliggjandi gæði eigna félagsins mikil þrátt fyrir að lækkuð á verði bréfa þeirra á fjórðungnum hafi í uppgjöri FL Group skilað sér í neikvæðri afkomu af fjárfestingum. „Við höfum hins vegar fremur horft á það sem ákveðið tækifæri og höfum á því fulla trú að markaðsvirði þeirra muni á endanum endurspegla gæði þeirra,“ sagði Hannes í viðtali við Fréttablaðið eftir kynningu á uppgjörinu í októberlok. Hann sagði engu að síður gera ráð fyrir brokkgengum fjármálamörkuðum enn um sinn og sveiflum í verði hlutabréfa.

ÓBEINNA ÁHRIFA GÆTIR

Í samanburði á V/I-gildinu skera bankarnir þrjár sig úr enda nokkur eðlismunur á reglulegri starfsemi þeirra og hreinnafjárfestingarfélaga. Gildin eru á svipuðu róli og umtalsvert hærri en hjá hinum félögum, 2,47 hjá bæði Glitni og Landsbankanum, en 2,38 hjá Kaupþingi. Mikil arðsemi eigin fjár er sögð réttlæta hærri gildi hjá bönkunum. V/I-gildi Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka er svo aftur nær því sem gerist hjá fjárfestingarfélögum, eða 1,36. Afkomutölurnar sýna enda að ólíku er saman að jafna hjá bönkunum.

Á þriðja ársfjórðungi hagnaðist Kaupþing um rúma 14,4 milljarða króna, Landsbankinn um rúma 8,5 milljarða og Glitnir um tæplega 7,9 milljarða króna. Hagnaður til hluthafa Straums nam hins vegar 1,8 milljónum evra, eða rúmum 160 milljónum króna. Á sama tíma árið áður nam hagnaðurinn 17 milljónum evra. Þegar uppgjör bankans var kynnt benti William Fall, forstjóri Straums, á að rekstrartekjur bankans á fjórðungnum hefðu í raun aukist um 2,6 prósent frá árinu áður. Tap af verðbréfum hefði hins vegar numið 45 til 46 milljónum dala. Hann telur að breytingar sem ráðist hefur verið í hjá bankanum hafi bætt mjög afkomu hans í erfiðu árferði vegna óróa á fjármálamörkuðum.


Líkt og önnur fjármálafyrirtæki hér leggur Straumur áherslu á að bein áhætta af undirmáslánum í Bandaríkjunum sé engin. Óbein áhrifin skila sér engu að síður í rekstri þeirra allra enda vinnuumhverfið annað úti í hinum stóra heimi. Samningur seinkar vegna þess hve varlega félög vilja stíga til jarðar og aukin áhætta sem tengd er fjármálageiranum vegna undirmáslánanna amerísku gerir fjármögnun torveldari og dýrari. Svo er bara að bíða og sjá hver þróun mála verður þegar spilin hafa verið lögð á borðið hjá fjármálafyrirtækjum heims í ársuppgjörum þeirra í janúar og febrúar. Þangað til er ekki ólíklegt að óvissa um stöðu mála geri róðurinn þungan enn um sinn hjá fjárfestingarfyrirtækjum.



HANNES SMÁRASON Hér má sjá forstjóra FL Group kynna uppgjör félagsins eftir þriðja ársfjórðung skömmu fyrir mánaðamótin síðustu. Verðsveiflur hlutabréfaeignar félagsins skila sér beint í bókhald sem sýndi tap upp á 27,1 milljarð króna á fjórðungnum.

MARKAÐURINN/GVA

SAMANBURÐUR Á V/I GILDI BANKA OG FJÁRFESTINGAFÉLAGA



MARKAÐSVAKTIN

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

„Augnablik! Siggi stökk fram að ná í tölvuháttalarana sína.“

www.exton.is

Við erum sérfræðingarnir í hljóð- og myndlausnum.
Láttu okkur sjá um fundarherbergið.

EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND



Til stóð að Síminn færi á markað 26. september

Sala Símans árið 2005 var stærsta einkavæðing Íslandssögunnar. Samkvæmt kaupsamningi átti að selja þrjátíu prósent í félaginu til almennings og annarra fjárfesta fyrir árslok 2007 og skrá félagið í Kauphöllina. Áætlanir eigenda miðuðu við að skrá félagið 26. september síðastliðinn. Það gekk ekki eftir og er stefnt að því að taka síðasta skrefið í einkavæðingarferlinu fljótlega á nýju ári. Björgvin Guðmundsson fór yfir breytingar sem orðið hafa á Símanum í höndum nýrra eigenda.

Við viljum gjarnan skrá Skipti á markað sem fyrst. Það var bara ekki hægt við þessar aðstæður. Við gátum ekki svarað nauðsynlegum spurningum fjárfesta

Um miðjan nóvember veitti fjármálaráðherra Skipti, félaginu sem stofnað var utan um kaupin á Símanum, frest fram til loka mars 2008 til að selja almenningi og öðrum fjárfestum þrjátíu prósent í félaginu og skrá það í Kauphöllina. Samkvæmt kaupsamningi milli Skipta og ríkisins átti þetta að gerast fyrir lok árs 2007.

Ástæðan var sú að Skipti hefur boðið í slóvenska símann, Telekom Slovenije. Kauphöllin gerði athugasemdir við að ekki væri hægt að gefa upp fullnægjandi upplýsingar um Skipti á meðan á því ferli stæði. Fjárfestar myndu því ekki hafa nægilega glögga mynd af rekstri Skipta í útboðsferlinum.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta, segir að alltaf hafi verið stefnt að því að skrá félagið fyrir árslok. „Samkvæmt áætlunum sem lágu fyrir stóð til að skrá félagið á markað 26. september síðastliðinn. Við þá dagsetningu miðuðum við okkar vinnu. Á þessum tíma voru ekki margir að fara á markað og slík tímasetning hafði reynst öðrum félögum vel. Hins vegar dróst þessi þátttaka okkar í Slóveníu alltaf á langinn vegna aðstæðna þar.“

Hann segir að forsvarsmenn Skipta hafi frá haustinu 2006 verið að kynna sér rekstur slóvenska símans. Í mars 2007 ákváðu svo þarlend stjórnvöld að hefja sölufrelsið þar sem allt að 75 prósent í félaginu verða á endanum seld. Útboðsskilmálar áttu að liggja fyrir í júní og í enda júlí átti að leggja inn óbindandi tilboð. Síðan var gerð athugasemd við fyrirkomulag sölunnar og því breytt.

VORU LÍKA KLÁRIR Í DESEMBER

„Við töldum samt allan tíman að þetta yrði klárt í september,“ segir Brynjólfur. „Það var í byrjun ágúst að við sáum að ekki næðist að fara með Skipti á markað 26. september eins og alltaf var stefnt að. Litlar upplýsingar fengust um framgang málsins í Slóven-

íu. Það var ekki fyrr en 15. október að við lögðum inn óskuldbindandi tilboð. Ekki fyrr en 29. október vissum við að við fengjum að halda áfram og leggja inn skuldbindandi tilboð, einn af sjö aðilum. Ef við hefðum ekki verið valdir áfram hefðum við verið tilbúnir að fara með Skipti á markað 15. desember. Við höfðum endurskrifað allar áætlanir og verið í góðu samstarfi við Kauphöllina. Þetta liggur fyrir.“

Frestur til að leggja inn skuldbindandi tilboð rennur út um miðjan desember. Brynjólfur segir ekki þurfa langan tíma til að skrá Skipti á markað þegar niðurstaðan liggja fyrir. Stjórnendur félagsins hafi tíma til loka mars og geti jafnvel verið tilbúnir fyrr, gangi allt greiðlega fyrir sig. „Við viljum gjarnan skrá Skipti á markað sem fyrst. Það var bara ekki hægt við þessar aðstæður. Við gátum ekki svarað nauðsynlegum spurningum fjárfesta,“ segir Brynjólfur.

Hann segist óhræddur við skráningarferlið þrátt fyrir óróleika á fjármálamörkuðum um þessar mundir. Þetta sé ekki það stór hluti sem þjóða þurfi út til fjárfesta. Skipti sé líka orðið öflugt félag eftir allar breytingar á skipulagi undanfarin tvö ár. Síminn hafi verið á markaði áður og honum líki vel aginn sem fylgi því. „Því fyrr, því betra,“ segir forstjórinn.

BREYTINGAR MEÐ NÝJUM EIGENDUM

Ljóst er að Skipti hefur tekið miklum breytingum á þeim tveimur árum sem nýir eigendur hafa stjórnað því. Brynjólfur segir að áður en Síminn var einkavæddur hafi verið unnin ákveðin viðskiptaáætlun og framtíðarsýn sem kynnt var fyrir hugsanlegum tilboðsgjöfum. Eftir sölu hafi nýir eigendur beðið stjórnendur fyrirtækisins að vinna frekari stefnumörkun og teikna upp hvar ákjósanleg sóknarfæri lægju.

„Niðurstaðan úr þeirri vinnu var meðal annars sú að við ættum að sækja fram á

erlendum vettvangi.

Á sama tíma vildum við nýta tækifæri

sem fælust í að þjón-

usta stóran hóp við-

skiptavina á Íslandi.

Við lögðum upp með

þetta tvennt og feng-

um mjög góðan stuð-

ning frá núverandi eig-

endum,“ segir Brynjólfur.

Útrásin mátti ekki bitna á heima-

markaðnum. Er-

lend fyrirtæki hafa

verið keypt en einnig

innlend til að auka

við þjónustuna á Ís-

landi. Þá hefur Síminn

unnið að þétt-

ingu farsímasam-

bands við þjóðvegina

og sett upp þriðju

kynslóða farsímanet

á höfuðborgarsvæð-

inu. „Við viljum vera

fjarskipta- og upplýsingatækifyrirtæki og höfum fengið mikinn stuðning eigenda í þessari vinnu.“

SÍMANUM SKIPTI UPP Í ÞRjú FÉLÖG

Brynjólfur segir að liður í þessari vinnu hafi verið að aðskilja rekstrareiningar innan Símans. Á aðalfundi 15. mars síðastliðinn var ákveðið að skipta Símanum upp. Skipti, sem var það félag sem keypti Símann af ríkinu, varð móðurfélag. Míla ehf. var stofnuð til að halda utan um dreifikerfið. Fasteignir sem áður voru í eigu Símans fóru svo inn í Fasteignafélagið Jöfra og svo var Síminn hf.

Forstjóri Skipta segir sextán félög rekin undir móðurfélaginu. Hér áður fyrr hafi rekstur Símans nánast einskorðast við eina símalínu og heimasíma. Nú flytji fyrirtækið tal, gögn og myndefni til fyrirtækja og einstaklinga. Markmiðið sé að vera inni á hverju heimili. Í dag séu til dæmis um fjöru-tíu þúsund heimili með Sjónvarp Símans.

Umsvif innanlands

Síminn

Skjárinn

Já

senoa

TrackWell

FARICE

TISSA

TAKNIVÖRUR

radiomidun

míla

Umsvif erlendis

Síminn UK

Skipti DK

on-waves

BUSINESSPHONE

Aerofone

prime

MMT

CTI Billing Systems

ventelo

Sirius IT



Þar er dreift efni frá Skjánum, sem er í eigu Skipta, jafnt sem öðrum eins og 365 miðlum.

GRUNNETIÐ VAR SKILGREINT

Nokkur umræða spannst um hvort aðskilja ætti það sem kallað var grunnet frá Símanum áður en hann var einkavæddur. Margir sögðu það erfitt en aðrir vildu selja allan pakkann enda fengist þannig hærra verð. Einnig væri betra að þetta tvennt væri á sömu hendi. Erfitt væri að skilgreina hvar grunnetið byrjaði og hvar það endaði.

Brynjólfur segir það vissulega skilgreiningatriði hvað sé flokkað sem grunnet. Þegar skoðaður hafi verið grundvöllur samstarfs við Orkuveitu Reykjavíkur um rekstur dreifikerfis hafi þetta verið skilgreint. Niðurstaða þeirrar vinnu hafi verið lögð til grundvallar við ákvörðun um hvar línan skyldi dregin. Hann segir Mílu sjá um rekstur fjarskiptanetsins og vera í viðskiptum við Símann og önnur fjarskiptafyrirtæki í landinu.

ÓHRÆDDUR VIÐ SKRÁNINGU FÉLAGSINS Á MARKAÐ „Ef við hefðum ekki verið valdir áfram hefðum við verið tilbúnir að fara með Skipti á markað 15. desember.“ segir Brynjólfur Bjarnason.



KAUPSAMNINGUR UNDIRRITADUR
Forsvarsmenn Exista ásamt forsætisráðherra.

ÞESSIR BUÐU Í SÍMANN

Hæsta boð 66,7 milljarðar króna

Skipti ehf., sem í eru:

Exista ehf.	45%
Kaupþing banki hf.	30%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	8,25%
Gildi - lífeyrissjóður	8,25%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	2,25%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	2,25%
MP Fjárfestingarbanki hf.	2%
Skúli Þorvaldsson	2%

Næsthæsta boð 60 milljarðar króna

Símstöðin ehf., sem í eru:

Burðarás hf.	45%
Kaupfélag Eyfirðinga svf.	7,86%
Ólafur Jóhann Ólafsson	23,56%
Talsímafélagið ehf.*	11,79%
Tryggingamiðstöðin hf.	11,79%

* Félag í eigu Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona Hagkaupsbræðra, Ingimundar Sigfússonar fyrrverandi sendiherra, Bolla Kristinssonar í 17 og Arnars Bjarnasonar rekstrarhagfræðings.

Lægsta boð 54,7 milljarðar króna

Nýja símafélagið ehf., sem í eru:

Atorka Group ehf.	38,4%
Jón og Sturla Snorrasonir	28,8%
Jón Helgi Guðmundsson	28,8%
Frosti Bergsson	4%

VIÐBURÐARÍKT ÁR

2005 Landssími Íslands hf. einkavæddur með sölu ríkissjóðs á 98,8% hlutdeild sinni; nafni fyrirtækisins breytt í Símann hf. í kjölfarið. Skjábíó markaðssett í sjónvarpi Símans.

2006 Símann kaupir Sirius IT. Stærsta fjárfesting Símans til þessa.

2007

Mars: Farsímafélagið Aerofone keypt.

Mars: Ákveðið að skipta Símanum upp í Fasteignafélagið Jöfra, Mílu og Símann hf. Skipti verður móðurfélag.

April: Upplýsingatæknifyrirtækið Sensa ehf. keypt.

Mai: Tæplega helmingur hlutabréfa Símans í Tæknivörum seldur.

Mai: Undirbúningur hefst fyrir skráningu Skipta hf. á markað.

Júní: Rekstrarfélagið Skjá miðlar ehf. stofnað um rekstur upplýsingaveitunnar Já og Skjásins.

Ágúst: Fjarskiptafyrirtækið Business Phone í Danmörku keypt.

Október: Fjarskiptafyrirtækið Ventelo í Danmörku keypt, Skipti gerir óbindandi tilboð í Slóvenska Símann, Skipti samþykkir kautilboð Exista í fasteignafélagið Jörfa ehf.

Nóvember: Skipulagsbreytingar sem felast í því að tvö svið, Starfsmannasvið og Fjármálasvið sem áður tilheyrðu Símanum, færast til Skipta og sameinast í einu sviði undir nafninu Sameiginleg þjónusta. Starfsmenn Skipta eru þá orðnir 130 talsins.

Nokkrar eignir sem Símann seldi Exista



1 Stórhöfði 22-30 2 Stórhöfði 3 Ármúli 25 4 Suðurlandsbraut 28
5 Suðurlandsbraut 30 6 Ármúli 27 7 Suðurlandsbraut 30

Fasteignir voru seldar úr Símanum

Samþykki allra hluthafa lá fyrir en ekki ríkisstjórnarinnar þegar flestar fasteignir Símans voru seldar stærsta hluthafanum í Skiptum.

Forstjóri Skipta segir að ekki hafi verið nauðsynlegt að fá samþykki ríkisins. Hluthafar séu betur settir á eftir.

Í október samþykkja Skipti að selja Fasteignafélagið Jörfa til Exista Properties. Exista er stærsti eigandinn í Skiptum. Upphaflega þegar Símanum var skipt upp var fjármálaráðherra spurður, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sem seldi Símann, hvort við það væri nokkuð að athuga. Hins vegar var ekki leitað eftir leyfi til að selja félagið, og þar með flestar fasteignir Símans, út úr Skiptum.

„Það var ekki gerð athugasemd við uppskiptingu Símans í Mílu, Símann og Jörfa. Hún var í samræmi við skilyrði kaupsamningsins á meðan þetta rýrði ekki verðmæti félagsins og eign hluthafanna. Eigendur Skipta þurftu því ekki að spyrja ríkið hvort selja mætti fasteignafélagið. Það rýrir ekki verðmæti Skipta. Hluthafar eru í raun betur settir á eftir. Söluhagnaðurinn nam rúmum 1,3 milljörðum króna. Þá fjármuni, sem áður voru fastir í fasteignum, er nú hægt að nota í fjárfestingar sem eru arðbærari en þessar eignir,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta.

Fjármálaráðuneytinu var ekki tilkynnt um þessa sölu. Í samtali við Markaðinn sagði fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, að sér virtist sem hluthafar væru að minnsta kosti jafn vel settir eftir sölu á fasteignum Símans og fyrir. Hann hafði samt ekki kynnt sér málið. Engar athugasemdir hafa verið settar fram um þennan gjörning af hálfu stjórnvalda og kaupin

voru gerð með samþykki allra hluthafa.

Í raun lýkur ekki einkavæðingarferlinu fyrr en búið er að standa við skilmála kaupsamningsins og selja þrjátíu prósentu hlut til almennings og annarra fjárfesta. Pólitísk átök í aðdraganda sölnunar árið 2005 snerust meðal annars um aðgang venjulegs fólks að einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Stofnað var sérstök hreyfing undir forystu Agnesar Bragadóttur og Orra Vigfússonar til að vekja athygli á þessu og berjast fyrir aðkomu almennings. Í ljósi þess vakna spurningar um hvort það sé í anda kaupsamningsins að selja eignir út úr félaginu þó að ekkert mæli sérstaklega gegn því. Væri til dæmis heimilt að selja Mílu út úr félaginu eða aðrar stórar eignir áður en almenningur fær tækifæri til að kaupa í Skiptum?

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa engar aðrar sambærilegar eignir og Jöfra verið seldar út úr Símanum og Skiptum á síðastliðnum þremur árum. Skipti, sem hefur gert leigusamninga við Jöfra, á einnig forkaupsrétt á eignunum. Verðmætið var byggt á leigusamningum sem Símann og Míla höfðu gert við Jöfra. Þar sem leigusamningar lágu ekki til grundvallar, svo sem hvað varðar lóðaréttindi, voru eignirnar metnar af tveimur óháðum fasteignasölum og var fundið meðalverð. Þessar upplýsingar koma frá Skiptum.

ORKA OG UMhverfi

Endurnýjanleg orka

Við erum heppin þjóð Íslendingar. Við búum í landi þar sem við höfum nóg af heitu og köldu vatni, höfum stóra jökla og aflmiklar ár sem renna til sjávar. Orkan er til staðar, það er hagkvæmt að nýta hana, hún er samkeppnishæf við aðra orkugjafa og síðast en ekki síst þá er hún að mestu endurnýjanleg. Um 99 prósent af rafmagnsframleiðslu og 70 prósent af heildarorku framleiðslu í landinu eru með notkun jarðvarma og vatnsorku. Það eru ekki mörg samfélög sem geta státað af annarri eins nýtingu á

hreinri orku. Þessi staða hefur tryggt okkur samkeppnisforskot umfram aðrar þjóðir og byggt upp almenna velsæld í landinu.

Margir líta á þessa nýtingu á endurnýjanlegri orku sem nægjanlegt framlag okkar til þess að leysa loftslagsvanda heimsins. Endurspeglun þessa viðhorfs kom m.a. fram þegar samið var um hið svokallaða „Íslenska ákvæði“ sem heimilaði Íslandi aukid útstreymi gróðurhúsalofttegunda umfram aðrar þjóðir á grundvelli Kyoto-samkomulagsins.

BRENNSLA JARÐEFNAELDSNEYTIS Þrátt fyrir gnægð endurnýjanlegra náttúruauðlinda eins og rakið var hér að ofan þá er ekki annað en hægt að furða sig á mjög

miklu útstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Skýringar eru þó nærtækar, flug til og frá landinu er mikið, bílaeign landsmanna er gifurleg og skipastóllinn tekur sinn toll jafnframt því sem útstreymi frá iðnaðarferlum er töluvert.

Niðurstaðan er því sú að hver Íslendingur er með útstreymi sem er mun hærra en meðaltal ríkja Evrópusambandsins. Meðaltal Evrópusambandsríkjanna er um 12 tonn, en er að nálgast 17 tonn á hvern Íslending. Til að nefna nokkur fleiri dæmi til samanburðar þá er útstreymi á hvern Kínverja u.þ.b. 4 tonn, Indverja rúmlega 1,0 tonn, á hvern íbúa Chad 0,02 tonn og Búrundi 0,05 tonn. Íslendingar skipa sér

sem sagt á bekk með ríkjum eins og Bandaríkjunum, Ástralíu og Kanada og nokkrum olíuframleiðsluríkjum í Miðausturlöndum hvað útstreymi varðar.

HVER HORFI SÉR NÆR

„Allir vilja breyta heiminum en enginn vill breyta sjálfum sér,“ svo vitnað sé í Leo Tolstoy. Nú líður að þeim tíma að íslensk stjórnvöld verða að setja sér samningsmarkmið vegna endurnýjunar Kyoto-samkomulagsins sem rennur sitt skeið á enda árið 2012, en samningaviðræður hefjast á Balí í næsta mánuði. Fróðlegt verður að sjá hver þau markmið verða en búast má við að þau taki mið af háleitri stefnuyfirlýsingu íslenskra stjórnvalda um

að draga úr útstreymi hér innanlands um 50 til 75 prósent fyrir árið 2050.

Nálgun íslenskra stjórnvalda í komandi viðræðum skiptir miklu máli upp á framhaldið hér innanlands því það er nú einu sinni þannig að eftir höfðinu dansa limirnir. Skilaboð stjórnvalda til almennings þurfa að vera skýr. Ef takast á að draga úr útstreymi hér á landi þarf hverjum og einum Íslendingi að finnast hans framlag skipta máli.

Kristján Vigfússon
aðjúnkt við
Háskólann í Reykjavík
kennir m.a. orku- og
umhverfismál.



SPÁKAUPMAÐURINN

Bölsýnisþá

Þeim líður ekki vel um þessar mundir sem eru skuldsettir langt upp fyrir haus í verðbréfasafninu. Ég veit um nokkra sem sitja mest orðið heimavið, langt komnir með að bryðja upp svefntöflusafnið sem þeir hafa notað fram til þessa á langflugi til erlendra og fjarlæggra staða. Þeir sjá víst ekki fram á að hífa upp yfirdráttinn frekar eða hala inn nýtt lán til ferðalaga á framandi slóðir og vilja helst sofa þar til gengi verðbréfanna hækkar á ný. Sumir sofa en aðrir eru fyrir löngu búnir með pillurnar og komnir í sjóveiki-töflurnar. Þeir sem eru verst á sig komnir eru búnir með allt lyf-seðilsskylt og hakka í sig panódíl í veikri von um að sljógvast. Það skilar litlu.

Vissulega kemur betri tíð með blóm í haga eftir leiðindadagana sem sumir upplifa núna. En fáir ef nokkrir vita dagsetninguna á þeirri ókomnu tíð. Á meðan bryðja þeir allt sem þeir koma höndum yfir og bíða milli vonar og ótta eftir símhringingu frá bankanum.

Enginn veit svo sem hvað gerist en margir slúðra um að fyrirtækin heima þurfi að ná ákveðnu lágmarksgengi áður en bankinn gerir þau upp. Ef slúðrið reynist rétt og allt fer á versta veg verður framtíðin svona:

Ef heimskreppuspá bölsýnismanna rætist verður ekki ljóst hver étur hvern. Hugsanlega gætu bankarnir þó tekið til sín skuldsettustu félögin og búið til úr þeim sjóði. Þannig sé ég fyrir mér FL-safn Lansans og Bakkasjóð Kaupþings sem að mestu yrði samansettur úr eignum Exista. Ef allt fer svo á alversta veg taka svo útlensku risabankarnir þá íslensku yfir og gera að sérstökum söfnum í skrifborðsskúfunni sem heyrir undir erlenda starfsemi. En ég vona það besta fyrir vini mína og kollega í bransanum.

Mikið er nú annars gott að sitja á svölunum á Costa del Sol, horfa á döbbaðan Seinfeld, skanna tækifærin í Makkanum og spandera gróðanum sem ég innleysti í sumar í bréf á brunaútsölu. Meira sangríá, segi ég nú bara. Hasta la vista, baby. Skál.

Spákaupmaðurinn á horninu.

Áramót UM hver mánaðamót

Með Vaxtareikningi færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

Vaxtareikningur er óverðtrygður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélagi 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar



Landsbankinn



Réttur fatnaður
-fyrir rétta starfið

Heildarlausn í einkennis- og vinnufatnaði

HEXA
föt fyrir alla

Hexa ehf | Smiðjuvegi 10 | 200 Kópavogur | sími: 414 8400 | e-mail: hexa@hexa.is

TEIWA BEYKJAVÍK - 9071178

Hlutverk hins opinbera lítið í Alþjóðahúsinu

„Það er ekki eins og við viljum ekki aukið samstarf við hið opinbera. Það er bara sjálfsbjargarviðleitni hjá okkur að afla tekna annars staðar frá,“ segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins. Á hann þar við þá þróun að langstærstur hluti tekna Alþjóðahússins kemur frá daglegri starfsemi, svo sem túlka- og þýðingþjónustu, íslenskukennslu og í gegnum ársfjórðungslegt rit sem fjármagnað er með auglýsingum. Ekki með opinberum framlögum eins og margir kynnu að halda. Styrkir frá fyrirtækjum í einstök verkefni eru um fimmtán prósent af tekjum.

Í Alþjóðahúsinu fer fram ýmisleg starfsemi sem ætlað er að stuðla að fjölmennarlegum samskiptum. Þangað er hægt að sækja ýmiss konar þjónustu og fræðslu. Á fjórum árum hefur hlutfall opinberra framlaga á móti rekstrartekjum félagsins snúist við. Í dag koma um 25 prósent af tekjum Alþjóðahússins frá ríki og sveitarfélögum en 75 prósent frá innra starfi. Hlutfallið var tuttugu prósent á móti áttatíu prósentum fyrir fjórum árum, þegar Einar Skúlason tók við starfi framkvæmdastjóra Alþjóðahússins. „Skýring á þessu er ekki eingöngu að framlögin frá hinu opinbera hafi dregist verulega saman, þótt þau hafi reyndar gert það fyrir árið 2007. Hins vegar hafa umsvif okkar aukist verulega á þessu tímabili,“ segir Einar.

Einar segir að hvergi í nágrannalöndum Íslands spili ríki og sveitarfélög eins lítið hlutverk í rekstri félaga á borð Alþjóðahúsið. Hins vegar sé erfitt



ALÞJÓÐAHÚSIÐ Einungis tuttugu og fimm prósent af tekjum Alþjóðahússins koma frá ríki og sveitarfélögum.

að bera Ísland saman við nágrannalöndin, enda sé óvída eins víðtæka þjónusta að finna á einum stað eins og hér. „En það er vissulega einsdæmi að svona lítið hlutfall tekna komi frá hinu opinbera, hjá aðila sem gegnir ákveðnu opinberu hlutverki, eins og við gerum.“

- hhs

Kröfum um úrbætur fjölgar mikið

Fjármálaeftirlitið (FME) tók upp fimmtíu fleiri mál frá miðju síðasta ári og fram á mitt þetta ár, miðað við árið á undan. Athugasemdum, ábendingum og kröfum um úrbætur fjölgaði um þriðjung milli ára.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

Þar kemur jafnframt fram að vettvangsathugunum fækkar um næstum tíu en athygli vekur að athugasemdum, ábendingum og kröfum FME um úrbætur fjölgar um næstum 100 milli ára.

Þá lagði stofnunin töluvert fleiri dagsektir á fyrirtæki en árið á undan. Um 250 aðilar lúta eftirliti FME.

FME sendi ekkert mál til Ríkislögreglustjórans á síðasta tímabili, en fimm mál fóru þangað árið á undan.

Átján umsóknir bárust FME um virkan eignarhlut í sjö fjármálaafyrirtækjum. Einni umsókn var synjað þar sem viðkomandi hefði ítrekað brotið lög. Í sjö tilvikum breyttist eignarhald áður en samþykki FME fyrir virkum

hlut lá fyrir.

Lánastofnanir taka um helming af starfstíma fjármálaeftirlitsins. Þá fer næstum fimmtungur starfstímans í váttryggingar og annað eins í lífeyrissjóðina. Raunar varði FME töluvert meiri tíma í rekstrarfélög verðbréfasjóða en á síðasta tímabili.

ÚR MÁLASKRÁ FME

	2005-6	2006-7
Tímabil (frá miðju ári fram á mitt ár)		
Mál stofnuð/tekin upp	1.123	1.179
Vettvangsathuganir	45	36
Starfsleyfi	8	5
Heimildir fyrir		
virkum eignarhlutum	14	12
Tilkynningar um þjónustu		
erlendra aðila	1.236	421
Tilkynningar um starfsemi		
Íslendinga erlendis	43	44
Hæfismat á framkvæmdastjórum	21	23
Reglur, leiðbeinandi		
tilmæli og túlkanir	3	8
Athugasemdir, ábendingar,		
kröfur um úrbætur	358	453
Dagsektir	18	26
Stjórnvaldssektir	15	8
Févíti	1	0
Ríkislögreglustjóra greint frá máli	5	0



JÓNAS FR. JÓNSSON Forstjóri FME.

RÁÐSTÖFUN TÍMA FME

	2005	2006
Lánastofnannir	50%	50%
Váttryggingar	18%	18%
Lífeyrissjóðir	18%	16%
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	3%	5%
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	1%	1%
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	9%	9%
Ýmsir	1%	1%

STARFSMENN FME

Fjöldi starfsmanna:	54 (45 í fullu starfi)
18 viðskipta- og hagfræðingar	
13 lögfræðingar	
2 tryggingastærðfræðingar	
4 sérfræðingar í upplýsingatækni	
4 aðrir sérfræðingar	
4 skrifstofufólk	
9 tímabundnar ráðningar og sumarstörf	

Ávaxtaðu betur

15,2%*

Peningamarkaðssjóður

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma **444 7000**

KAUPPING
Hugsum lengra

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu.

Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/9/2007 - 31/10/2007.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fölginn í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framgreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.

SANTAFE

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsuöfnun
- Öflugt fjórhjóladrif með 50/50 driflæsing
- 6 Öryggisloftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu undir rúðupurkum
- Tölvustýrð loftkæling
- Skriðstillir (Cruise Control)
- 17" álfelgur
- Fáanlegur 7 manna


Santa Fe beinskiptur, bensín 188 hö
Verð kr. 3.740.000

Santa Fe sjálfskiptur, dísel 150 hö
Verð kr. 4.190.000

Veglegur sportjeppi

Santa Fe er með mikið rými og er því eins og sniðinn fyrir fólk með lifandi áhugamál. Sjálft farangursrýmið er 969 ltr og því þykir farangursrýmið einstaklega gott. Þá er þessi veglegi sportjeppi aðeins búinn fyrsta flokks þægindum og kraftmiklum jeppaeiginleikum og hefur sem dæmi 2 tonna dráttargetu. Komdu í reynsluakstur.

Santa Fe er bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga að mati Bandalagi Íslenskra Bílblaðamanna. Santa Fe er sönnun þess að Hyundai hefur gæðin.



Bíll á mynd: Hyundai Santa Fe beinskiptur, bensín 288 hö verð kr. 3.740.000



Með bilinn handa þér

 **HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Hefur gæðin

DAGUR Í LÍFI...

Einars Skúlasonar, framkvæmdastjóra Alþjóðahússins

Einar Skúlason er forstjóri Alþjóðahússins. Í Alþjóðahúsinu fer fram ýmiss konar starfsemi sem ætlað er að stuðla að fjölmenningslegum samskiptum. Þar er meðal annars boðið upp á túlka- og þýðingarþjónustu, íslenskukennslu, lögfræðiráðgjöf og fræðslu af öllu mögulegu tagi.

8.00 Ég svaf út til klukkan átta, fór þá á fætur, skellti mér í sturtu og fékk mér AB-mjólk í morgunverð.

8.50 Stökk út rétt fyrir klukkan níu og var mættur í vinnuna klukkan níu, enda stutt að fara.

9.00-10.00 Fékk mér tebolla og settist yfir tölvupóstinn. Spjallaði svo við starfsmenn Alþjóðahússins um vel heppnað jólahlaðborð á föstudagskvöldið. Þar voru sjötíu manns af tuttugu og fimm þjóðernum komin saman. Jólahlaðborðið var þrjú fyrir það hefðbundið. Það var samt karrí í kartöflusalatinu, til að gera þetta svolítið exótískt.

10.00-10.45 Undirbjó erindi fyrir útíbússtjóra Glitnis sem var á dagskrá næsta dag. Það fjallar um ýmis sjónarmið tengd innflytjendum og bankaþjónustu.

10.55 -12.00 Gekkt af stað niður á Tjarnargötu á vikulegan fund með nefnd um stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda. Fyrst og fremst snerist umræðan um Reykjavíkurborg sem þjónustuveitanda.

12.00-13.00 Á leiðinni til baka kom ég við á Gráa kettinum og fékk mér óhollan og mjög góðan hádegismat; egg og beikon. Grái kötturinn er rétt hjá vinnunni og það er fínt að kíkja þangað af og til.

13.00 Kom aftur upp í vinnu og heilsaði upp á gest frá Eistlandi. Þetta var kona sem var að kynna sér starfsemi Alþjóðahússins en hún vinnur við rannsóknir á mansali. Heimsóknir á borð við þessa eru því sem næst daglegt brauð hjá okkur.

13.30 Ræddi við Maríönnu Traustadóttur hjá ASÍ um sameiginlegan blaðamannafund á miðvikudaginn. Alþjóðahúsið, ASÍ, Efling VR, SA og SVP eru að taka sig saman um dreifingu á barmmerkjum sem ætlað er að stuðla að betri framkomu í garð innflytjenda.

14.00-17.00 Smotteri hér og smotteri þar það sem eftir var vinnudagsins. Ég átti nokkra innanhússfundi og var meðal annars að aðstoða taívanskan lærling sem er að vinna að rannsóknarverkefni hjá okkur.

17.00-18.00 Fórst í Bónus úti í Holtagörðum og verslaði í matinn. Þar er alltaf nóg af stæðum.

18.30 Hófst handa við að undirbúa kvöldmatinn. Það voru hamborgarar, franskar, sósa og salat í matinn fyrir mig og Gabríel, einn af þremur sonum mínum. Hann stakk nú upp á að fara út að borða en við fórum millivegin og elduðum hamborgara heima.

20.00 Settist við tölvuna og lauk við að undirbúa erindi morgundagsins.



Á LEIÐ Á FUND Á mánudaginn átti Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, meðal annars fund með nefnd um stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda. MARKAÐURINN/VALLI

Mojito í fyrsta sæti hjá báðum kynjum

Hinn kaldi og ferski Mojito er vinsælasti drykkur beggja kynja. Menn og konur tóku drykknum hikandi í upphafi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Mojito er vinsælastur bæði hjá körlum og konum í dag. En þær vilja samt stundum Cosmopolitan,“ segir Guðvarður Gíslason, betur þekktur sem Guffi. Þetta er í samræmi við niðurstöður óformlegrarkönnunar Markaðarins á vinsælasta drykknum í dag.

Mojito hefur verið þekktur hér á landi í nokkur ár en Guffi á talsvert í landnámi hans: „Þegar ég seldi drykkinn á fyrstu árum Apóteksins botnuðu fáir í honum. Það var ekki fyrr en þegar við opnuðum Mojito-barinn við Austurvöll fyrir nokkrum árum sem salan tók kipp. Hún hefur varla farið niður síðan,“ segir hann. Guffi ætti að þekkja þetta enda er hann líklegast einn þeirra sem best þekkja drykkjarvenjur landans. Guffi rekur nú veitingahúsið á Hótel Radisson SAS 1919 í miðborg Reykjavíkur.

Af öðrum vinsælum drykkjum segir Guffi vodka blandaðan í orkudrykkhahasótt í sigveðriupp á síðkastið þrjú fyrir vafasamar umfjallanir um hann. „Menn eiga það til að verða of hressir þegar þeir drekka hann,“ segir Guffi. Kampavínskokkteillinn Kir Royal og Remy Martin voru sömuleiðis nefndir á nafn en þeir þykja vinsælir fordrykkir.

Auk Mojito lenti gin í tónik ofarlega á lista í könnuninni. En gin er ekki sama og gin enda bendir Guffi á að fólk geri meiri kröfur til gins nú en áður. Bombay Sapphire og Tanqueray eru þar vinsælustu tegundirnar.

„Bombay-ginið er að ná sér á strik. Menn eru tilbúnir að greiða meira fyrir gott gin,“ segir hann og bætir við að börnunum hérlandis hafi að sama skapi fjölgað sem bjóði upp á tónik í litlum flöskum í stað þess að hella nokkrum snum úr sömu flöskunni í marga drykki. „Menn eru að fá betra tónik úr þessu. Mun betra en úr dælu eða brúsa,“ segir Guffi.

Þegar einstaka drykkjum

MOJITO

6 cl ljóst romm
2 tsk. hrásykur
hálf lime
nokkur mintulauf
sóðavatn (eftir smekk)
sítróna (eftir smekk)
Mintulauf og lime er skorið niður í báta, kreist og kramið saman í glas svo sem mest fari í hliðar glassins. Romm, sykri og klaka bætt út í og hrært vel saman. Fyllt upp með sóðavatni eftir smekk.*
*Heimild: ÁTVR

GUFFI GALDRAR FRAM EINN FERSKAN MOJITO Vinsælasti drykkurinn á börum bæjarins er rommdrykkurinn Mojito. Guffi á 1919 á heiðurinn af landnámi hans hér. MARKAÐURINN/VILHELM



sleppir er vinsælast að drekka rauðvín eða hvítvín með mat. Rauðvín frá Mið-Evrópu eru ofarlega á lista á Vox en í nokkrum tilvikum hvítvín frá Bandaríkjunum og Chile þar og á öðrum stöðum. Domaine Laroche Chablis Vaudevey og Domaine Laroche Chablis Grand Cru

Blanchots eru vinsæl á meðal fólks í fjármálagæiranum á 101 Hótel í Reykjavík. Flaskan af hvoru tveggja kostar á bilinu átta til ellefu þúsund krónur. „Þeir koma hérna stundum fjórir til fimm strákar og taka saman þrjár flöskur með hamborgara eða lambasteik,“ segir þjónn á hótlinu. „Síðan fara þeir í vodka og tónik eða annað álíka. Það fer þó allt eftir því hvort fólk kemur í miðri viku eða um helgar hvað það fær sér.“

FRÍSTUNDIN

Frábær heilaleikfimi

„Uppáhaldið mitt í dag er Sunnudagskrossgáta Morgunblaðsins. Alveg frábær heilaleikfimi og skemmtun,“ segir Áslaug Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri vefffyrirtækisins Sjá.

Hún segir að áhugamálin fyrir utan vinnuna hafi tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina. „Ég hef alltaf átt ákveðin áhugamál, svo sem að fylgjast með pólitík, synda



ÁSLAUG FRÍÐRIKS-DÓTTIR

og fara í bíó. Eitthvað sem er auðvelt án þess að þurfa að skipuleggja það sérstaklega.“

Áslaus segist hafa ferðast mikið og farið á skíði og göngur áður en börnin komu til sögunnar, en hún á nú þrjú. „Meðan börnin eru lítil og geta ekki fylgt manni í hvað sem er hefur maður þróað svona hliðaráhugamál sem hægt er að sinna heima við.“

„Það besta sem ég veit er að eiga góð stund til að sitja yfir krossgátunni og reyna við hvert orðið á fætur öðru,“ segir Áslaug brosandí og bætir því við að oft sé erfitt að slíta sig frá gátunni. „Þegar gestir koma í heimsókn

er oft bara brugðið á það ráð að fá alla með í leikinn þannig að stundum situr heilt matarboð og þælir í gegnum þetta.“

Áslaus segist ekki oft ná að ljúka allri gátunni. „En ég er svo heppin að ég veit um fólk úti í bæ sem deilir áhugamálinu. Við skiptumst á vísendingum þegar mér þykir ég hafa fullreynt eitthvað.“

Samskiptanetið í kringum gátunaséoutrúlegastórt. „Stundum fær maður vísendingar í gegnum langsótt og skemmtileg tengsl,“ segir Áslaus. Þar sé stríðnin stundum við völd. „Og maður fær það alveg óþvegið hversu heimskur er hægt að vera,“ segir Áslaus Friðriksdóttir og hlær.

- ikh





„Sigmundi Erni hefur tekist að skrifa **einhverja áhugaverðustu og skemmtilegustu sögu** um íslenskan stjórnámamann sem ég hef lesið í mörg ár.”

★★★★

– Runólfur Ágústsson,
framkvæmdastjóri Keilis,
runolfur.is

„Guðni fer á kostum ... **gríðarlega skemmtileg aflestrar.** ... ég gat ekki varist því aftur og aftur að finna stílbrögð og texti Sigmundar **hreinasta lostæti.**”

– Össur Skarphéðinsson,
eyjan.is

„GUÐNI FER Á KOSTUM”



Dramatískt lífshlaup Guðna Ágústssonar; skemmtilegar sögur, hatrömm átök að tjaldabaki. Einn vinsælasti stjórnálamaður þjóðarinnar segir söguna eins og hún horfir við honum.

Sigmundur Ernir Rúnarsson ræðir við Guðna en styðst líka við fjölmargar heimildir sem ekki hefur verið vitnað til áður.

BANKHÓLFÍÐ

Snupraður

Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segist bráðlega verða „snupraður“ í starfi fyrir að hafa sent út umdeildan tölvupóst frá vinnunetfangi sínu. Hann hefur því sagt starfi sínu lausu. Hallur áframsendi á fjölmarga afskræmingar á auglýsingum Kaupþings um fasteignalán. „Það er hvítleitt þegar menn nota netföng opinberra stofnana í svona hluti,“ sagði Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, um þetta atvik. Hallur viðurkennir samt, eins og fleiri, að grínið var fyndið. En óheppilegt.



Línan dregin

Gengi hlutabréfa Straums hefur lækkað nokkuð skarpt frá því um ágúst; nálægt tuttugu prósentum á fjórum vikum. Þetta er í takt við verðþróun víðar. Exista hefur lækkað um 25 prósent og FL Group um tæp níttján á sama tíma. Slíkar hreyfingar geta farið illa með skuldsetta fjárfesta. Um miðjan þennan mánuð datt inn í kauphallarkerfið tilkynning um sölurétt Skúla Valbergs Ólafssonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Straums, á tíu milljóna nafnvirðishlut sínum í Straumi á genginu 14. Fram kom að þetta væri gert til að styrkja veðhæfi bréfanna. Þá var gengi bréfanna í sautján krónum á hlut, en nálgast nú óðum töfratöluna. Spurning hvort fjárfestar hafi jafnvel talið að gengi bréfa bankans ætti heima þar sem framkvæmdastjórinn dró línuna.

Eldaðu maður

Sé kreppan á næsta leiti, eins og sumir halda blákalt fram, má búast við að nokkur stjórnendahöfuðin verði látin fjúka, enda þurfa menn að taka ábyrgð á gjörðum sínum. Konur eru fáar efst á toppnum en fjölmargar á metorðastigunum fyrir neðan. Þangað hafa þær klifið og bíða nú átektar, tilbúnar að taka við stjórnartumunum. Það er því ekki seinna vænna fyrir karlmenn að fella einhver kvennavigi. Út er kominn bókin „Eldaðu maður“ hjá bókaforlaginu Sölku. Hún er „alvöru matreiðslubók fyrir alvöru karlmenn“. Þar kenna karlar öðrum körlum hvernig á að elda dýrindisrétti og heilla þannig spúsurnar upp úr skónum. Á meðan konurnar taka til eftir karlana geta þeir tekið því rólega heima í eldhúsinu og hugsað sinn gang. Enginn þarf



að örvænta. Í bókinni eru uppskriftirnar settar fram á karlamáli – það er að segja einföldu.

210 milljónir hluta sem Kaupþing mun selja í hlutafjárútbóði vegna kaupa á hollenska bankanum NIBC.

6,7 milljarðar króna sem móðurfélag Atorku hagnaðist um eftir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins.

11 sinnum í viku mun Iceland Express fljúga milli Íslands og London eftir að ferðum verður fjölgað hinn 26. febrúar.



Fujitsu Siemens netþjónn PRIMERGY TX200S3

Örgjörvi: Xeon 5050 3.0 Ghz Dual Core
Minni: 2x512 MB 667 mhz
Diskur: 2x73GB 15K SAS hot-plug
Geisladrif: DVD geisladrif

Tilboðsverð: **kr. 179.990,-**
Listaverð kr. 239.900,-

Takmarkað magn

Er verslunarkerfið klárt fyrir jólatörnina?

Posiflex verslunarkerfi

Tölva með 15" snertiskjá, kortalesari, varaafgjafi, viðskiptavinaskjár, skúffa, öflugur prentari og Microsoft hugbúnaður

kr. 249.900,-

Posiflex JIVA-8015

Sá gamli uppi á 10.000,- krónur

Í nóvember tókum við gamla verslunarkerfið eða gömlu sjóðsvélina sem greiðslu upp í nýtt Posiflex kerfi!

pú sparar kr. 60.000,-

Fyrirtækjatilboð

Tilboð á völdum fyrirtækjavörum út þessa viku - líttu við á Grensásvegi 11

Fujitsu Siemens LIFEBOOK E8110 15"

Örgjörvi : Intel Core 2 Duo T7200 2.0Ghz
Minni : 1024MB 667Mhz
Harður diskur : 80GB með höggvörn
Skjákort : Intel 945GM 224mb
Skjár stærð : 15" SXGA
Skjár upplausn : 1400*1050
Geisladrif : DVD skrifari
Lyklaborð : Íslenskt lyklaborð
Stýrikerfi : Windows Vista Business

kr. 151.990,-
Áður kr. 189.990,-

Tilboðsverð

Nashuatec SPC210SF

kr. 71.900,-

Helstu eiginleikar:
Frábært fjölnotatæki: prentari með ljósrítun, faxi og skönnun og allt í lit!
Nettengjanlegur
Möguleiki á netskönnun til að breyta prentuðu efni í stafrænt form.

Tilboðsverð

Öflugt fjölnotatæki sem vinnur í lit!

Rosengrens öryggisskápar

Eldtraustir öryggisskápar í mörgum stærðum. Hentar öllum fyrirtækjum og heimilum fyrir skjöl og lausaverðmæti, tölvugögn og fleira.

Verð frá: **kr. 34.990,-**

Tilboðsverð

Nashuatec DSM 520

kr. 49.900,-

Heildarlausn fyrir minni fyrirtæki og deildir stærri fyrirtækja - skönnun, prentun, ljósrítun og fax

Helstu eiginleikar:
Hraði: 20 A4 bls/min
Nettengi
Upplausn: 600x600 dpi
Tekur 60-163 gr pappír
Aðeins 13 kg að þyngd!

Tilboðsverð

Opið laugardaga kl. 11:00 til 15:00

DigitalTask veitir sérfræðibjónustu og ráðgjöf fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ekki vera að borga of mikið, líttu við hjá okkur!

digital TASK Bættari bjónusta!

Grensásvegj 11
105 Reykjavík
Sími: 550 4000
fyrirspurn@digital.is
www.digital.is

Þú ert ekki hjá SPRON Verðbréfum er það?

Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%***

